


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>Vefnaður og Bindifræði HÖTE2VE06</b> <b>Námsáætlun vor 2017</b>	

Kennari:	Halldóra Björg Sævarsdóttir	HBS	Viðtalstími Mánudaga kl 9:40-10:20
----------	-----------------------------	-----	---------------------------------------

**Áfangalýsing:** Í áfanganum lærir nemandinn um gildi vefnaðar fyrr og nú. Hann tekur virkan þátt í uppsetningu á vef í vefstól og vefa á a.m.k. þrjú misstór stykki og þrjár prufur. Lögð er áhersla á einskeftuvefnað og vaðmál í prufum. Nemandinn lærir að þekkja muninn á band-, þráðar- og jafnþráða áferð í vefnaði, kynnist þessum þrem aðferðum og lærir að þekkja muninn á þeim. Í stykkjum og prufum með bandáferð er lögð áhersla á einskeftu- og rósabandavefnað. Í prufum með þráðaráferð er lögð áhersla á þráðarbrékán og með jafnþráða áferð er lögð áhersla á að nemandinn kynnist salúnvefnaði, litafléttum í einskeftu og vaðmáli og knippingavefnaði eða öðrum skildum aðferðum. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur til fimm sköft og fjögur - sex skammel. Lögð er áhersla á að nemandinn læri bindifræði og haldi vinnuöppu allan áfangann.

**Forkröfur:** HÖTE2HU05, SJON1AFH05 og LIM1SJ05 ( gamlir áfangar: HTL104, SJL103 og LIM103). Nemendur þurfa að hafa lokið a.m.k. 10 feiningum úr 2. kjarna fyrir listnámsbraut á 1. þrepi og a.m.k. 5 feiningum af kjörsviði listnámsbrautar á 2. þrepi.

Þekkingarviðmið:


**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi vefnaðar í lífinu almennt og menningarlegt gildi hans, sérkennum og sögu
- mismunandi vefstólum og þekki muninn á trissuvefstól og gagnbindingarvefstól og umhirðu þeirra
- mismunandi tækjum og tólum sem tilheyra vefnaði og kynnist fagtungumáli og þeim hugtökum sem notuð eru í vefnaði
- frumbindingum í vef þ.e. einskeftu, vaðmáli og ormeldúk
- hinum mismunandi þráðum sem notuð eru í vefnaði s.s. endurnýtanlegt efni, ullarband, bómull og hör og þekki stigtölur/lotunúmer mismunandi vefjarefna
- því bindifræðiforríti sem notað er í áfanganum
- mismunandi inndráttarmunstrum fyrir einskeftu, rósaband, salúnvefnað og litafléttur í einskeftu og vaðmáli og hvaða þýðingu þau hafa
- muninn á einföldum uppbindimunstrum og stigmunstrum

Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- reikna út í slöngu með mismunandi vefjarefnum fyrir einfaldar bindingar
- beita af öryggi bindifræðiforríti fyrir vefnað á sjálfstæðan og skapandi hátt
- rekja í slöngu upp að a.m.k. 250 þráðum
- þræða í forskeið og reikna út í hana
- rifja í vefstól og setja upp vef í vefstól í samvinnu með nemendum og kennara
- spóla mismunandi vefjarefni á garnvindu, dokkuvindu og spólurokk

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>Vefnaður og Bindifræði HÖTE2VE06</b>	
	<b>Námsáætlun vor 2017</b>	

- vefa einfaldar prufur í band-, þráðar og jafnþráða áferð í trissuvefstól
- beita líkamanum á réttan hátt við vinnu sína og verklag í vefnaði
- beita skapandi aðferðum í vefnaði t.d. með lita- og efnisnotkun

#### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta sér mismunandi aðferðir og verkunnáttu í vefnaði og bindifræði
- öðlast nokkuð sjálfstraust í útfærslu og túlkun hugmynda og verkefna undir leiðsögn kennara
- gera sér grein fyrir menningarsögulegu og lýðræðislegu hlutverki textíls, handverks, hönnunar og vefnaðar hjá Íslendingum og öðrum þjóðum
- vera fær um að taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verk sín og annarra í vefnaði, ígrundað og rökstutt lita- og efnisval sitt bæði í verklegum og tæknilegum útfærslum í bindifræði og vefnaði
- gera sér grein fyrir styrk sínum og nýti sér hann að nokkru leyti í verkefnavali, undir leiðsögn kennara

#### **Námsgögn:**

Fagbækur f.vefnað, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.


Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu. Pinterest /Símar velkomnir til náms en annars ekki.

#### **Áætlun um yfirferð:**

Vika	Námsefni	Verkefni
2	Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur ákveða hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki, (þ.e.a.s. mottu, rósabandsvef, salún eða prufustykki.) Kynning á Bindifræðiforritinu Weave point.	
3-5	1. stykki ofið og/eða prufur ofnar. Útreikningar fyrir uppistöðu í Weave point	Búa til möppu á Pinterest
6--9	2. stykki ofið og-eða prufur ofnar. Nemendur skipta um vefstól og vefa Grunnbindingar: Æfingar í Weave point unnar og prentaðar út. Einskefta	Heimavinna: verkefni 1
10-12	Uppsetning á vef og vinna í vefstól. Æfingar í Weave point unnar og prentaðar út. Vaðmál Þemavika: Sjálfbærni	Heimavinna: verkefni 2
13-14	Prufur eða unnið að verkefni. Æfingar í Weave point unnar og prentaðar út. Ormeldúkur	Heimavinna: verkefni 3
16-17	Nemendur vinna sitt seinasta stykki. Æfingar í Weave point unnar og prentaðar út. Samsettar bindingar, salún o.fl	
18	Frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna í seinustu vikunni	

#### **Helstu verkefni í HÖTE2VE06 eru:**

Til dæmis einskefta og/eða vaðmál, salúnvefur, eða önnur einföld samsett binding.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		
<b>Vefnaður og Bindifræði HÖTE2VE06</b>		
<b>Námsáætlun vor 2017</b>		


- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð.
- Prufa/prufur í einskeftu, vaðmáli, ormeldúk eða samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Prufur	Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður		25%
Tuskumotta	Hugmyndavinna og vefnaður		15%
Fínt stykki	Rósabandsáferð, ull eða hör		20%
Skilamappa	Prufur og uppskriftir skilað í möppu		25%
Frágangur	Frágangur á prufum og stykki		5%
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<p><b>Annað:</b> Símatáfangi þar sem öll vinna nemandans í vefnaði á önninni er metin. Við námsmat er horft m.a. til vinnulags og vandvirkni við alla þætti vinnuferilsins, vinnusemi, skipulag og vilji til sjálfstæðra vinnubragða eru mikilvæg atriði. Öllum verkefnum, ásamt vinnumöppu í bindifræði, er skilað til lokamats í lok annar.</p> <p><b>Með fyrirvara um breytingar</b></p>			

Dagsetning: 05.01.17

Undirritun kennara

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagsstj. eða staðgengils

